

1222. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. október 2021, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir (fjarfundur), Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Helga Ingólfssdóttir

Gestir fundarins: Halldóra Skúladóttir og Haraldur Gunnarsson frá Íslandsbanka

Dagskrá:

1. Fundargerð 1221. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1221. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Fjárfestingastefna VR

Gestir fundarins þau Halldóra Skúladóttir og Haraldur Gunnarsson frá Íslandsbanka tóku nú til máls og kom m.a. fram í máli þeirra að þau hefðu séð um eignastýringu hjá VR frá árinu 2008 og samstarfið verið farsælt.

VR er aðallega með tvö söfn og er mest í innlendum skuldabréfum.

Fóru þau næst yfir á slæðum nokkur atriði og fyrst umfjöllun um innlendan skuldabréfamarkað en þar kom m.a. fram að vextir á Íslandi hafi farið hækkandi. Meiri verðbólga sé árið 2021 og væntingar eru um frekari vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands en einnig sé aukinn hagvöxtur.

Næst fóru þau yfir og skýrðu þróun innlendra hlutabréfa samkvæmt OMXIGI hlutabréfavísitölunni en hún mælir gengi skráðra hlutabréfa á aðallista Kauphallar Íslands. Fóru þau yfir þróunina á árunum 2017 – 2021.

Varðandi erlenda fjármálamarkaði þá er staðan þannig eins og jafnan að erfitt er að spá í markaðinn og hvernig hann hagar sér. Fóru þau yfir þróun á helstu hlutabréfavísitölum sem mæla stærstu fyrirtækin á árunum 2019 – 2021.

Næst veltu þau upp hvað sé í gangi á helstu fjármálamörkuðum? En það er helst truflun sem varð vegna Covid-19 sem setur mark á stöðu markaða auk yfirvofandi gjaldþrots stórfyrirtækis í Kína, skuldabæk Bandaríkjanna og hækkandi vextir svo eitthvað sé nefnt.

Loks var horft framá við þar sem hæst ber að markaðir hafa hækkað undanfarin ár og að hlutabréf eru enn sá flokkur sem fjárfestar líta helst til. Markaðir eru enn nálægt hágildum og áhættan er að aukast.

Umræður

Sigrún vék hér af fundi kl. 18:53



Að loknum umræðum var gestum þakkað og véku þau af fundi kl. 18:55

Stefán tók til máls og lagði fram til kynningar á milli funda skjölin *"Minnisblað – Fjárfestingastefna VR tillögur að breytingum október 2021"* dags. 11. október 2021 og *"Fjárfestingastefna eignastýringasafna VR tillögur að breytingum-október 2021"*. Fór hann yfir efni þeirra á slæðum.

Kom m.a. fram í máli Stefáns að VR er með samning við þrjá aðila sem stýra fjármunum VR og eru það Íslandsbanki, Landsbanki Íslands og Kvika banki. Allir þessir aðilar fylgja sömu fjárfestingastefnu sem samþykkt hefur verið af stjórn VR. Lagðar eru til breytingar á fjárfestingastefnu VR en um er að ræða breytingar á viðmiðunarvísitölum og sölu á erlendum myntum. Þá er einnig lagt til að hætt sé að gera kröfu um samráð við framkvæmdastjóra VR um sölu á gjaldeyri þar sem búið sé að afnema öll gjaldeyrishöft.

Umræður.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að samninganefndin hafi hitt fulltrúa SA og að samningum yrði ekki sagt upp eins og kunnugt sé.

LÍV þing er haldið rafrænt á morgun og hvetur hann fundarmenn til þess að mæta á þingið.

Samþykkt hefur verið að Eiður Stefánsson formaður FSVA komi inn í samninganefnd ASÍ eins og síðast.

Hjá ASÍ er verið að fara yfir stöðuna og þar vegur þungt að erlendis er nú víða vöruskortur, orkuskortur og mikil hækkun á hrávöru og því þung teikn á lofti vegna verðhækkana sem framundan eru sem afleiðing þessa. Allt er á uppleið. Við þurfum því að beita okkur og fá aðgerðir frá stjórnvöldum og í þessu tilefni ritaði hann grein í Vísir.is í dag ásamt Vilhjálmí Birgissyni frá Akranesi.

Halldór Benjamín Þorbergsson frá SA hefur haft samband og vill hann ræða átak í húsnæðismálum við okkur.

Nefndastarfið er annars að fara á fullt og nóg að gerast. Smá spenna er innan ASÍ um þá beiðni SA að fara strax að hefja kjaraviðræðurnar en við viljum fyrst klára þau atriði sem enn standa eftir í núverandi samningi áður en sá næsti er ræddur.

Umræður.

4. Jafnréttisnefnd VR – kynning á þriðju vaktinni

Fríða Thoroddsen, formaður Jafnréttisnefndar VR, tók til máls og sagði frá því að í nefndinni hefði verið ákveðið að fara í herferð um jafnrétti kynjanna undir heitinu þriðja vaktin-hugræn byrði. Herferðin er unnin með grunn frá jafnréttisnefnd, þar sem Þróunarsvið VR tók við verkefninu og vann mótun herferðar með auglýsingastofunni Hvíta húsinu. Verkefnið hófst á vormánuðum 2021 og áætlað er að birtingar hefjist um mánaðamótin okt/nóv 2021.

Markmið verkefnisins er:

- Að koma af stað vitundarvakningu um þriðju vaktina og stuðla að viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu.
- Að vekja athygli á því andlega álagi sem fylgir þriðju vaktinni og hve misskipt hún er milli kynjanna.
- Að hvetja til breytinga, samtals og jafnari skiptingu þriðju vaktarinnar.

Þriðja vaktin er að mestu á ábyrgð kvenna og meiri líkur eru á að konur fari í kulnun vegna álags bæði í vinnu og heima fyrir. Þá eru karlar oftast ekki meðvitaðir um þriðju vaktina en konur eru meðvirkar í þriðju vaktinni á meðan að karlar fara auðveldlega í vörn í þessari umræðu þegar hún kemur upp.

Hugræn byrði hefur mikil áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði, starfsval þeirra og atvinnuþátttöku. Krafan um sameiginlega ábyrgð kynjanna innan veggja heimilisins, bæði hvað varðar verkefni og verkefnastjórnunina, er því mikilvægur þáttur í baráttu VR fyrir jafnrétti kynjanna.

Loks sýndi Fríða drög að auglýsingu sem eru viðtöl við unglinga um þetta málefni en við viljum að næsta kynslóð læri og verði laus við staðalímyndir. Unglingarnir voru spurðir um það hvernig þau upplifa heimilið. Viðtölin birta sanna upplifun unglunga á því hver sér um þriðju vaktina á þeirra heimili.

Sérstök vefsíða um málefnið með faggreinum verður svo á vef VR samhliða herferðinni en einnig verðum við í samstarfi við ýmsa aðila til að styðja við verkefnið. Þessi herferð mun örugglega vekja athygli og vekja upp ýmsar spurningar.

Umræður.

Hér óskar Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna til að framlengja fundi til kl. 21:00.

Samþykkt.

5. Skipun uppstillinganefndar um val á stjórnarmönnum í Lífeyrissjóð verzlunarmanna

Ragnar Þór ræddi skipun uppstillinganefndar um val á stjórnarmönnum VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE) en þau sem eru þar nú sem aðalmenn eru:

Ragnar Þór Ingólfsson
Arnþór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Friðrik Boði Ólafsson

Varamenn:

Selma Björk Grétarsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson



Liggur fyrir að þau Helga og Arnþór munu hætta í nefndinni og þarf að skipa nýja í þeirra stað. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir áhugasömum til stjórnarsetu í LIVE fyrir hönd VR og sitja svo fundi með fagfólki um valið. Það er svo lagt fyrir fulltrúaráð sjóðsins til samþykktar.

Ragnar Þór spurði hvort einhverjir fundarmanna vildu bjóða sig fram til að fylla í skarð Helgu og Arnþórs og voru all nokkrir sem buðu sig fram. Ragnar Þór þakkaði þeim fyrir og sagði að þetta myndi verða skoðað betur á næsta fundi og þá kosið um sætin.

6. Tillaga að fulltrúum í Uppstillinganefnd trúnaðarráðs VR

Stefán lagði fram skjalið "*Minnisblað – tillaga að Uppstillinganefnd VR 2022 – 2024*" dags. 8. október 2021 og fór yfir efni þess á slæðum.

Kom fram að Uppstillinganefnd er skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði og skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár.

Nefndin skal velja frambjóðendur á framboðslista í stjórnar- og trúnaðarráðskosningum hverju sinni úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. Eins og fram kemur í lögum VR er það trúnaðarráð sem skipar uppstillinganefnd. Reiknað er með að halda trúnaðarráðsfund í nóvember þar sem lagt verður til að eftirtaldir aðilar verði í uppstillinganefnd VR 2022-2024.

Aðalmenn

Helga Bryndís Jónsdóttir

Magnús Þorsteinsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Stefán Viðar Egilsson

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð

Stjórn VR

Trúnaðarráð /

Trúnaðarmaður

Vinnustaður

Bryggjutorg ehf.

Íslandsspil sf.

Miklartorg hf.

Tengi ehf.

Varamenn

Ágústa Harðardóttir

Þórður Mar Sigurðsson

Steinar Viktorsson

Anna Þórðardóttir

Bachmann

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð

Johan Rönning hf.

Samskipti ehf.

Húsasmiðjan ehf.

PricewaterhouseC.



Ragnar Þór lagði til að þetta yrði samþykkt og sent til trúnaðarráðs til loka samþykkis.

Samþykkt.

Fundi er slitið kl. 21:15
Árni Leósson, fundarritari

